

Borgarráð

Lóðir fyrir ný hjúkrunarheimili - viðræður

Það er fagnaðarefni að brugðist sé við ítrekuðum áskorunum Reykjavíkurborgar og velferðar ráðs borgarinnar um fjölgun hjúkrunarrýma í Reykjavík. Í samræmi við erindi borgarinnar hefur velferðarráðuneytið nú óskað eftir viðræðum um lóðir til að undirbúa megi byggingu næstu rýma. Minna má á að nú þegar er í byggingu nýtt heimili við Sléttuveg. Sem fyrr er hvatt til þess að hafðar verði hraðar hendur við að mæta þeim mikla skorti sem er staðreynd þegar hjúkrunarrými eru annars vegar. Lagt er til að borgarráð samþykki að fela skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar og velferðarsviði Reykjavíkurborgar að hefja viðræður við velferðarráðuneytið um hentugar lóðir fyrir ný hjúkrunarheimili.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Tölvupóstur frá Sveini Bragasyni, fyrir hönd ráðherra, til Hrólfs Jónssonar, dags. 4. apríl 2018.